

Iðnaðarnefnd Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 05. febrúar 2007
Tilvísun: 2007020002
Bréfalykill: 50.11

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, 515. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 1. febrúar 2007, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, 515. mál, rannsóknir á kolvetnisauðlindum. Eftirfarandi eru athugasemdir og ábendingar Orkustofnunar.

I Kostnaður

Í fylgiskjali með frv. er umsögn fjármálaráðuneytis, þar sem segir m.a.: *“Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að útgjöld fyrir árið 2007 verði óveruleg og muni rúmast innan útgjaldaramma iðnaðarráðuneytisins. Samkvæmt áætlun frá iðnaðarráðuneytinu vegna frumvarpsins aukast útgjöld Orkustofnunar um 11 m.kr. á ári, frá og með árinu 2008, vegna ráðningar sérfræðings og viðbótarkostnaðar við hann.”*

Orkustofnun vann kostnaðarmat um grundvallar mannafla- og fjárförf vegna frumvarpsins að ósk iðnaðarráðuneytisins og skilaði því 21. nóvember 2006. Viku áður, 14. nóvember 2006, sendi stofnunin orðsendingu til færeysku olíustofnunarinnar Jarðfeingis með beiðni um mat hennar á lágmarks umsvifum til að sinna stjórnslu fyrir rannsóknir, leyfisgjöf, eftirlit, gagnavörslu og upplýsingagjöf í upphafi olíuleitarstarfseminnar. Svar barst frá Jarðfeingi 10. janúar 2007 og var því þegar komið á framfæri við iðnaðarráðuneytið.

Kostnaðarmat Orkustofnunar fyrir umsýslu um olíuleitarmál var 4,77 ársverk sérfræðinga. Þar af var gert ráð fyrir að hagkvæmt yrði að kaupa að 1,66 ársverk, með nokkuð hærra einingarverði en ella. Heildarkostnaður var metinn 60,7 m.kr. á ári á grundvelli reynslutalna úr rekstri Orkustofnunar. Með því að kaupa ekkert að yrðu ársverkin á Orkustofnun þar með rúmlega 5 að tölu. Óháð og sjálfstætt mat færeysku olíustofnunarinnar Jarðfeingis á lágmarks umsvifum var nánast það sama, eða 5 ársverk. Samhljómur var einnig í mati Orkustofnunar og Jarðfeingis á þeim fagsviðum sem sinna þyrfti í slíkri stjórnslu, en þau eru olíujarðfræði, forðafræði olíu, jarðeðlisfræði, borverkfræði, gagnagrunnar og gagnaumsýsla, auðlindahagfræði og lögfræði. Orkustofnun leggur áherslu á að í kostnaðarmati stofnunarinnar og Jarðfeingis er einungis fjallað um kostnað af stjórnslu, ekki er tekin afstaða til rannsóknakostnaðar sem ríkið kann að hafa.

Orkustofnun telur að gefa þurfi nánari skýringar og upplýsingar um lágmarksútgjöld vegna frumvarpsins, þar sem umsögn fjármálaráðuneytisins gefi ekki rétta mynd af raunverulegum kostnaði til frambúðar. Þá þarf jafnframt að hafa í huga að hér er verið að skapa undirstöðu fyrir nýrri atvinnugrein á Íslandi, sem orðið getur verulegur þáttur í atvinnustarfsemi og þjóðarbúskap, eins og mörg dæmi sanna meðal annarra þjóða. Engin hliðstæða er þar til fyrir því að starfsemi olíustofnunar eða ígildis hennar sé sinnt með því sem svarar til eins stöðugildis í umsvifum af hálfu stjórnvalda.

Um leið og fyrirbyggjandi frumvarp var lagt fram á Alþingi vakti Orkustofnun athygli

iðnaðarráðuneytisins á misræminu milli umsagnar fjármálaráðuneytis og mats Orkustofnunar annars vegar og Jarðfeingis hins vegar á nauðsynlegum umsvifum. Í svari iðnaðarráðuneytisins með bréfi dags. 1. febrúar 2007 kemur m.a. fram “að með auknum útgjöldum upp á 11 m.kr. á ári er á engan hátt verið að marka til framtíðar árlegan útgjaldaramma til Orkustofnunar heldur er eingöngu verið að finna lausn til bráðabirgða svo unnt sé að auka um eitt stöðugildi hjá Orkustofnun frá og með árinu 2008 þar til ríkisstjórn mun taka ákvörðun um útgjaldaaukningu í samræmi við kostnaðarumsögn Orkustofnunar.”

Rétt er að taka fram að í fjárlagatillögum Orkustofnunar fyrir árið 2007, sem ekki fengu framgang, var gert ráð fyrir 24 m.kr. útgjöldum til undirbúnings olfuleitar, þar af 12 m.kr. vegna eins starfsmanns og 12 m.kr. útgjöldum til rannsókna. Var þar tekið mið af nógildandi kolvetnislögum annars vegar og hins vegar af samþykkt ríkisstjórnarinnar frá mars 2006 um undirbúning olfuleitar á Drekasvæðinu við Jan Mayen-hrygg.

II Þagnarskylda

Í 13. gr. frv. er lagt til að upplýsingar sem varðveittar eru af Orkustofnun samkvæmt frv. skuli vera undanþegnar aðgangi almennings á gildistíma rannsóknarleyfis. Þegar trúnaðarskyldunni létti geti Orkustofnun látið umræddar upplýsingar í té eða nýtt þær í þágu frekari leyfisveitingar. Í athugasemdum með frv. er tekið fram að þagnarskyldan gildi ekki eftir að vinnsluleyfi hefur verið veitt í kjölfar rannsóknarleyfis. Orkustofnun telur að trúnaðarskylda á gögnum á rannsóknarleyfistíma þurfi ekki að vera eins fortakslaus og gert er ráð fyrir í frv. Stofnunin telur að heimilt ætti að vera að semja við umsækjendur um heimildir til rýmri aðgangs að og notkunar á rannsóknargögnum. Þannig gætu umsækjendur um rannsóknarleyfi gert grein fyrir því í umsókn hversu mikil leynd þeir teldu þurfa að vera á rannsóknargögnum. Í sumum tilvikum kynni þá gagnaleynd að vera óþörf á rannsóknarleyfistíma að mati rannsóknarleyfishafa og niðurstöður því jafnvel nýtanlegar til annarra rannsókna eða leyfisundirbúnings jafnóðum og þær berast. Orkustofnun leggur áherslu á að um heimildarákvæði yrði að ræða þannig að ekki væri hægt að skylda rannsóknarleyfishafa til að veita aðgang að gögnum á gildistíma rannsóknarleyfis, heldur yrði slíkt samkomulagsatriði á milli leyfisveitanda og leyfishafa.

Virðingarfyllst

Elin Smáradóttir

Kristinn Einarsson

Fylgiskjöl:

Kostnaðarmat Orkustofnunar, dags. 21. nóvember 2006

Tölvupóstur Sigurðar í Jákupsstovu forstjóra Jarðfeingis, dags. 10. janúar 2007

Bréfi iðnaðarráðuneytis til Orkustofnunar, dags. 1. febrúar 2007

ORKUSTOFNUN		Skjalasafn	
Dags. mótt.	02.02.2007	Ábm.	PH
Málsnúmer	2003 010064	Aðrir	KE
Skjalalykill	21.30.0	---	ES
Verknúmer	301320	Trún.	
Fski./a		Afrit til	

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 545 8500 bréfasími: 562 1289
postur@ivr.stjr.is
www.ivr.is

Reykjavík 1. febrúar 2007
Tilv.: IVR06100022/22.140

Ráðuneytið hefur mótttekið erindi Orkustofnunar, dags. 26. janúar 2007, þar sem vakin var athygli á ósamræmi milli kostnaðarumsagnar fjármálaráðuneytis með frumvarpi til breytinga á lögum leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, og kostnaðarmats Orkustofnunar vegna þess frumvarps.

Með erindi, dags. 5. október 2006, óskaði ráðuneytið eftir að fjármálaráðuneytið veitti kostnaðarumsögn um framangreint frumvarp og þann 10. október sama árs barst ráðuneytinu umbeðin umsögn þar sem fram kom að verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Ljóst var að kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis var berlega byggð á röngum forsendum og því óskaði ráðuneytið þess að starfsmenn Orkustofnunar gæfu ráðuneytinu rökstudda kostnaðarumsögn um áætlaðan kostnað Orkustofnunar vegna aukins stjórnsýsluhlutverks á sviði kolvetnismála. Var kostnaðarumsögn kynnt starfsmönnum ráðuneytisins á fundi í iðnaðarráðuneytinu og síðar send með tölvupósti þann 21. nóvember 2006. Samkvæmt kostnaðarumsögn Orkustofnunar fæli frumvarpið í sér aukin útgjöld um allt að 60,7 m.kr. á ári.


Ráðuneytið óskaði því næst eftir endurskoðaðri kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis í ljósi umsagnar Orkustofnunar. Með tölvupósti, dags. 5. desember 2006, vakti fjármálaráðuneytið athygli á að samkvæmt samþykkt ríkisstjórnar þann 6. október 2006 bæri lagafrumvörpum og reglugerðum sem lögð eru fyrir ríkisstjórn og hafa í för með sér kostnaðarauka árið 2006 eða 2007 að fylgja áætlun um hvernig þeim kostnaði skuli mætt innan útgjaldaramma viðkomandi ráðuneytis og langtímaáætlunar. Ljóst var að kostnaðarauki upp á 60,7 m.kr. á ári rúmaðist ekki innan útgjaldaramma ráðuneytisins fyrir árið 2007 og því þyrfti að finna lausn á þeim vanda sem fæli í sér lágmarksútgjöld. Hins vegar væri ekki um endanlega fjárhæð að ræða heldur einungis fjárhæð sem efni stæðu til að svo stöddu enda framgangur frumvarpsins háður því að finna lausn á þessum vanda.

Á samráðsfundi ráðuneytisins og Orkustofnunar þann 7. desember 2006 var vakin athygli á þessu máli og var fulltrúum Orkustofnunar bent á að ráðuneytið myndi leitast eftir að ráða lausn á þessum vanda. Sú lausn fælist hins vegar í því að óska eftir kostnaðarauka upp á 11 m.kr. á ári, frá og með árinu 2008, þar sem aukning útgjalda um 60,7 á ári rúmaðist á engan hátt innan þess ramma sem markaður er með gildandi fjárlögum.

Ráðuneytið tekur það skýrt fram að með auknum útgjöldum upp á 11 m.kr. á ári er á engan hátt verið að marka til framtíðar árlegan útgjaldaramma til Orkustofnunar heldur er eingöngu verið að finna lausn til bráðabirgða svo unnt sé að auka um eitt stöðugildi hjá Orkustofnun frá og með árinu 2008 þar til ríkisstjórn mun taka ákvörðun um útgjaldaaukningu í samræmi við kostnaðarumsögn Orkustofnunar.

Bendir ráðuneytið á að opnun svæða vegna leyfa til rannsókna og vinnslu kolvetnis innan efnahagslögsögu Íslands er háð samþykki ríkisstjórnar. Að sama skapi mun ráðuneytið beita sér fyrir því að samhliða ákvörðunartöku um opnun svæða muni ríkisstjórnin taka ákvörðun um aukna fjárveitingu til Orkustofnunar til að annast stjórnsýsluhlutverk sitt. Því telur ráðuneytið það með öllu rangt að ekki sé tekið mið af kostnaðarumsögn Orkustofnunar enda mun sú umsögn liggja til grundvallar, ásamt sjálfstæðu mati Jarðfeingis, þegar ákvörðun um aukið fjárframlag til Orkustofnunar verður tekin í ríkisstjórn. Hins vegar er ekki hægt að segja til um hvenær slík ákvörðun verður tekin enda háð því að framangreint frumvarp verði samþykkt á Alþingi.

Fyrir hönd ráðherra


Guðjón Axel Guðjónsson


Lárus M. K. Ólafsson



Re: SV: Vurdering af nødvendigt offentligt omfang i start -up fasen af en oljevirksomhed i Island
Málsnúmer: 2003010064
Búið til: 10.01.2007
Eigandi skjals: Kristinn Einarsson

t-póstur

Efni:

Re: SV: Vurdering af nødvendigt offentligt omfang i start-up fasen af en oljevirksomhed i Island

Bréfalyklar:

21.30.0 Hafsbotnsrannsóknir, landgrunn. Almennt efni og ýmislegt

Tilkynningar:

Efnisflokkur skjals:

Almennt

Búið til:

10.01.2007

Dagsetning skjals:

10.01.2007

Móttakandi

Netfang: <sigurd.i.jakupsstovu@jardfeingi.fo>

Texti:

Frá: Kristinn Einarsson/OMS/Orkustofnun/IS

Dags: 10.01.2007 12:08:26

Til: <sigurd.i.jakupsstovu@jardfeingi.fo>

Efni: Re: SV: Vurdering af nødvendigt offentligt omfang i start-up fasen af en oljevirksomhed i Island

Kæri Sigurð.

Mange tak for dit udførlige og gode svar. Jeg kan ellers fortælle, at Orkustofnuns vurdering af minimalt omfang i vores besvarelse til ministeriet var lige nøjagtig fem stillinger.

Jeg er meget taknemmelig for dit tilbud om et besøg til jer på Jarðfeingi og håber at kunne ta' en tur til Færøerne i en ikke alt for fjern fremtid. Hvis ikke i år, så forhåbentlig næste år. Jeg vil ta' kontakt igen når det blir aktuelt.

Lovforslaget om ændring af den islandske kulbrintelov vil bli fremlagt i Altinget i næste uge. Hvis og når det blir vedtaget kan vi forvente at Orkustofnun får større ansvar og flere pligter angående olieeftersøgningsvirksomheden.

--

kveðja / best regards,
Kristinn Einarsson

- (Mr.) Kristinn Einarsson, Orkustofnun (National Energy Authority) -
- Project Coordinator, Orkumálasvið (Energy Resources Division) -
- URL: <http://www.os.is/~ke>, Grensásveggi 9, IS-108 REYKJAVÍK, Iceland -
- tel. (work):+354-569 6040,(mobile):+354-863 9974, fax:+354-568 8896 -
- Disclaimer/ Firing ábyrgðar: <http://www.os.is/~ke/disclaimer.html> -
<sigurd.i.jakupsstovu@jardfeingi.fo>

<sigurd.i.jakupsstovu@jardfeingi.fo>

10.01.2007 11:22

To <ke@os.is>

cc <petur.joensen@jardfeingi.fo>

Subject SV: Vurdering af nødvendigt offentligt omfang i start-up fasen af en oljevirksomhed i Island

Góði Kristin,

Du má igen meget undskylde vores sene svar på din forespørgsel. Det er nok for sent til brug til besvarelse af forespørgsel fra jeres finansministerium, dette beklager jeg.

Vores erfaringer kan inddrages i to tidsfaser. Den første fase bestod hovedsagelig i at etablere de nødvendige lovregler og i mindre omfang af at udstede og administrere de indledende forundersøgelseslicenser. Anden fase er mere omfattende og består i at forberede udbudsrunder og efterfølgende administrere licenserne, samt geologisk arbejde med det færøske område.

I begge faser har der været brugt stort set de samme faglige kvalifikationer, nemlig geologi/geofysik o.l., ingeniør, IT, jura og økonomi. De geo-faglige kvalifikationer er dem, der har været og nok stadigvæk er de mest centrale. Behovet for de andre kvalifikationer varierer, men er generelt noget mindre end for de geofaglige. Den linje vi har brugt i forbindelse med opbygningen af vor organisation er, at vi har valgt at begrænse ansættelsen af folk til et antal, som vi har kunnet beskæftige i et sådant omfang, at det har givet mere økonomisk mening at have dem ansat end at hyre dem udefra.

I forbindelse med udarbejdelsen af lovregler m.m. var der nedsat et udvalg, der repræsenterede et bredt fagligt udsnit, men dækkede også bredt m.h.t. lokale interesser (bl.a. erhvervsinteresser). Udvalget bestod dels af interne medarbejdere og dels af eksternt valgte medlemmer. De eksterne medlemmer af udvalget udgjorde ca. 10.

På nuværende stadie, hvor vi har 11 aktive licenser, er der ingen medarbejdere, der er 100% beskæftigede med olieeftersøgning – alle har også andre gøremål i større eller mindre omfang. Vi har således 1 geofysiker, 2 geologer, 3 ingeniører, 1 IT, 2 geo depot forvaltere, 1 administrator samt ledelsen, der har direkte tilknytning til forvaltning af området.

Dit spørgsmål om, hvor lille kerne, man kan nøjes med er vanskeligt at svare nøjagtigt på, men der må nok påregnes at skulle bruges min. fem heltidsstillinger, fordelt på de fagområder, som du selv nævner.

Hvis du har lyst og mulighed er du meget velkommen at besøge os for at få indblik i vores organisation – og tale med vores medarbejdere. Der vil være en boring efter sommeren så der vil være en del olie-relateret aktivitet hos os i forbindelse med godkendelse af boreansøgning i løbet af foråret og derefter opfølgning i forb. med selve boreaktiviteten.

Med venlig hilsen

Sigurð

Sigurð í Jákupsstovu
Jarðfeingi

Fra: Kristinn Einarsson [mailto:ke@os.is]

Sendt: 14. november 2006 14.23

Til: Sigurð í Jákupsstovu

Emne: Vurdering af nødvendigt offentligt omfang i start-up fasen af en oljevirksomhed i Island

Sæll Sigurð,

men lad mig fortsætte på dansk. Jeg er ikke god nok til færøsk...

Desværre var jeg ikke blevet indblandet i olieresourcespørgsmål på det tidspunkt da mine kammerater tog på besøg til Jarðfeingi i januar d.å., så jeg gik glip af Færøerne denne gang. Fra midten af marts har jeg imidlertid haft ansvar for olieeftersøgningssager her på Energistyrelsen i Isiand. Men jeg har hørt fra dem som tog på denne rejse at de fik en vældig god modtagelse hos jer.

Man er nu i færd med at forberede en ændring af den islandske kulbrintelov hen i mod øget ansvar hos Energistyrelsen for den offentlige forvaltning af emnet. Indbefattet er vurderingen og udstedelsen af tilladelser til indledende ikke-eksklusive undersøgelser, samt til eksklusiv udforskning og udvinding af olie, styring af offentlige forskningsmidler, indsamling af data, forvaltning af database (til dels med fortrolige oplysninger), oversigt over ressourcer på statens vegne og gensidig informationsvirksomhed. Vi skal ikke selv udføre forskning.

Vi er blevet spurgt fra Finansministeriet om hvor store omkostninger denne ændring af loven vil indebære. Jeg vil umiddelbart tro at det nærmeste sidestykke, målt i tiden fra man startede, natur- og samfundsforhold og mange andre aspekter, er i Færøerne. Jeg vil derfor gerne spørge om jeres erfaring og søge din hjælp angående vurderingen af det nødvendige omfang af den grundlæggende kernevirkosomhed i denne forbindelse, målt i egne eller indkøbte mandår. Umiddelbart vil jeg mene at de pågældende og nødvendige ekspertområder omfatter f.eks. geologi (strukturgeologi el. lignende), geofysik, ingeniørvidenskab, informationsteknologi, økonomi og jura. Jeg er klar over at øget virksomhed kræver større offentlig indsats senere. Men spørgsmålet nu er: Hvor lille kan den grundlæggende kerne egentlig bli' ?

Mange tak på forhånd.

--

kveðja / best regards,
Kristinn Einarsson

p.s. Hilsen fra mig til Beinta hvis du kommer forbi i Molde .

- (Mr.) Kristinn Einarsson, Orkustofnun (National Energy Authority) -
- Project Coordinator, Orkumálasvið (Energy Resources Division) -
- URL: <http://www.os.is/~ke>, Grensásvegi 9, IS-108 REYKJAVÍK, Iceland -
- tel. (work):+354-569 6040,(mobile):+354-863 9974, fax:+354-568 8896 -
- Disclaimer/ Fíring ábyrgðar: <http://www.os.is/~ke/disclaimer.html> -



Leyfisgjöld og kostnaðarmat vegna fyrirhugaðra breytinga á kolvetnislögum

Málsnúmer: 2003010064

Sent: 21.11.2006 14:31:05

Sent af: Kristinn Einarsson

Eigandi skjals: Kristinn Einarsson

Almennt

Bréfalyklar:

21.30.0 Hafsbotsrannsóknir,
landgrunn. Almannt efni og
ýmislegt

Til: larus.olafsson@ivr.stjr.is
Afrit: hreinn.hrafnkelsson@ivr.stjr.is
, Ragnheiður Inga
Þórarinsdóttir/STJ/Orkustofnu
n/IS@Os, Steinar Þór
Guðlaugsson/ISOR/IS@Os,
Elín
Smáradóttir/STJ/Orkustofnun/
S@Os, Þorkell
Helgason/STJ/Orkustofnun/IS
@Os

Falið afrit:

Efni: Leyfisgjöld og kostnaðarmat
vegna fyrirhugaðra breytinga á
kolvetnislögum

Texti:

Tilvisun í mál: 2003010064

Sæll Lárus.

Ég vísa til fundar okkar fyrr í dag um málið. Meðfylgjandi skjal með kostnaðarmati vegna leyfisgjalda og stjórnáslu olíuauðlindamála, sem við fórum yfir á fundinum, hefur nú verið yfirfarið af orkumálastjóra og samþykkt sem mat Orkustofnunar.

--

með kveðju / best regards,
Kristinn Einarsson

- (Mr.) Kristinn Einarsson Orkustofnun (National Energy Authority) -
- Project Coordinator Orkumálasvið (Energy Resources Division) -
- URL: <http://www.os.is/~ke> Grensasvegi 9, IS-108 REYKJAVIK, Iceland -
- tel. (work):+354-569 6040,(mobile):+354-863 9974,fax:+354-568 8896 -



- Disclaimer/ Fíring ábyrgðar: <http://www.os.is/~ke/disclaimer.html> - [leyfisgjöld_og_kostnadarmat_nov2006.xls](#)

Kostnaðarmat fyrir umsýslu um olíuleitarmál

Kostnaðarforsendur fyrir starfsmann á Orkustofnun:	m.kr.
Ársverk sérfræðings með launatengdum gjöldum og sameiginlegum kostnaði	11
Ferða- og ráðstefnukostnaður hvers sérfræðings á ári	1
Samtals	12

Virkar klst. í ársverki: 1565,414 *)	Kostnaður á virka klst.	7666 kr. (á OS)
	Kostnaður á aðk. klst.	9000 kr.

	Á Orkustofnun	Aðkeypt
Olíujarðfræði	1565 klst.	0 klst.
Forðafræði olíu	600 klst.	100 klst.
Jarðeðlisfræði (segul-, þyngdar-, bylgjumæl)	800 klst.	600 klst.
Borverkfræði	300 klst.	300 klst.
Gagnagrunnar og gagnaumsýsla	800 klst.	1000 klst.
Auðlindahagfræði	300 klst.	300 klst.
Lögfræði	500 klst.	300 klst.
Samtals	4865 klst.	2600 klst.
Talið í ársverkum	3,11 ársverk	1,66 ársverk
Talið í m.kr.	37,29 m.kr.	23,40 m.kr.
Heildarkostnaður	60,69 m.kr.	

) 40 klst. 52,1775 vikur - 40 klst.* 30 d. orlof - 8 klst. * 11,2107 fríd. - 8 klst. * 24 d. veikindi